

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 12. júní 1978

um breytingar á tilskipun 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna
um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra

(78/547/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í aðildarríkjunum eru gerðar mismunandi tæknilegar kröfur um upphitunarkerfi í farþegarými og um hjólhlfar á ökutækjum. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna.

Sem hluta af EBE-gerðarviðurkenningu ber að prófa hvort þessum kröfum sé fylgt fyrir hverja gerð ökutækis um sig, eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽³⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 78/315/EBE ⁽⁴⁾. Því ber að auka við þá tilskipun með því að bæta inn ákvæðum í þessum tilgangi bæði í I. viðauka (fyrirmynd að upplýsingaskjali) og II. viðauka (fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarvottorði), með fyrirvara þó um aðrar breytingar á tilskipuninni, einkum þær sem fram komu í tillögu framkvæmdastjórnarinnar frá 5. janúar 1977.

1. gr.

Eftirfarandi bætist við I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE (fyrirmynd að upplýsingaskjali):

— „9.10.4. : upphitunarkerfi í farþegarými“,

— „9.16. : hjólhlfar“.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE (fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarvottorði):

— „9.8.4. : upphitunarkerfi í farþegarými“,

— „9.14. : hjólhlfar SD“.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 12. júní 1978.

Fyrir hönd ráðsins,

K. OLESEN

formaður.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 118, 16. 5. 1977, bls. 29.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 114, 11. 5. 1977, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 81, 28. 3. 1978, bls. 1.